

Samstarfssamning

um stækkun hjúkrunarheimilisins Eyri á Ísafirði

1. gr.

Efni

Heilbrigðisráðuneytið og Ísafjarðarbær munu standa saman að stækkun hjúkrunarheimilisins Eyri, á Torfsnesi, Ísafjarðarbæ. Í byggingunni sem verður tengd núverandi húsnæði Eyri verða 10 ný rými.

Samningurinn er gerður með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu á fjárlögum og ákvörðun bæjarstjórnar um fjárveitingu í fjárhagsáætlun. Eignarhlutur samningsaðila í húsnæði og lóð verður í samræmi við hlutfallslega skiptingu heildarkostnaðar, sbr. 4. gr.

2. gr.

Staðsetning, fyrirkomulag og viðmið nýs hjúkrunarheimilis

Hjúkrunarheimilið Eyri er á lóð Ísafjarðarbæjar að Torfsnesi, 400 Ísafirði. Nýbyggingin skal vera áföst við núverandi 30 rýma hjúkrunarheimili sem byggt var samkvæmt leiguleið.

Við hönnun byggingarinnar og framkvæmd verður lögð áhersla á vistvæn sjónarmið. Hönnun hjúkrunarheimilisins skal unnin í BIM (Building Information Model) og skila skal BIM upplýsingalíkani í lok verksins.

Við hönnun hjúkrunarheimilisins skal fylgt fyrirmælum sem tilgreind eru í ritinu „Skipulag hjúkrunarheimila“, sbr. fylgiskjal 3, og samkvæmt þeim forsendum sem samningur þessi mælir fyrir um. Kjósi Ísafjarðarbær að stækka hjúkrunarheimilið umfram kröfur viðmiða í fylgiskjali 3, ber hann allan stofn- og rekstrarkostnað af þeim viðbótum.

3. gr.

Áætlaður heildarkostnaður

Samkvæmt útreikningum Framkvæmdasýslu – Ríkiseigna (FSRE) í frumathugun, frá nóvember 2021, sbr. fylgiskjal 2, er heildarkostnaður hjúkrunarheimilisins áætlaður á verðlagi í júlí 2021 um 500 milljónir króna án búnaðar og verðlagsbreytinga. Heildarkostnaður með búnaði, fjármagnskostnaði og verðlagsbreytingum er skv. frumathugun áætlaður alls 554 milljónir króna.

4. gr.

Skipting kostnaðar og fjármögnun verkefnis

Kostnaður við stækkun hjúkrunarheimilisins skiptist þannig að 85% greiðast úr ríkissjóði en Ísafjarðarbær greiðir 15%.

Kostnaður sem fellur til við kaup á búnaði greiðist í sömu hlutföllum og stækkunin. Um kaup á búnaði gilda sérstakar reglur, sbr. fylgiskjal 1.

Þrátt fyrir 1. mgr. leggur Ísafjarðarbær lóð skv. 2. gr. til verkefnisins, alfarið á sinn kostnað, ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda, sbr. 1. tölul. 32. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.

5. gr.

Hlutverkaskipan samningsaðila

Ábyrgð á undirbúningi verkefnisins skal vera hjá heilbrigðisráðuneytinu og Ísafjarðarbæ sem skulu tilnefna tvo fulltrúa hvor í starfshóp vegna verkefnisins.

Ábyrgð fulltrúa samningsaðila felst í ákvarðanatöku fyrir hönd ráðuneytis og sveitarfélags í samræmi við kostnaðarskiptingu, sbr. 4. gr.

Eftir að starfshópur hefur verið skipaður skal hann fela FSRE að hefja undirbúningsvinnu við áætlunargerð og fullnaðarhönnun hjúkrunarheimilisins í samræmi við lög nr. 84/2001, um skipan opinberra framkvæmda.

6. gr.

Umsjón verkefnis

Samningsaðilar fela FSRE umsjón verkefnis sem samningur þessi nær yfir. Jafnframt verður FSRE falin stýring og ábyrgð á verklegum framkvæmdum, þar með talin ábyrgð á framkvæmdareftirliti á verktíma. Áður en áætlunargerð hefst skal gera samning milli heilbrigðisráðuneytisins, Ísafjarðarbæjar og FSRE um umsjón FSRE og hlutverkaskiptingu aðila um fjármögnun verksins, greiðslufláði, boðleiðir, samskipti, upplýsingagjöf og aðrar skyldur samningsaðila.

7. gr.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og útboðsskylda framkvæmda

Þegar fullnaðarhönnun liggur fyrir skal leitað heimildar samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir til verklegrar framkvæmdar. Framkvæmdin skal boðin út í samræmi við lög um opinber innkaup.

8. gr.

Tímarammi

Áætlað er að verklegar framkvæmdir hefjist á þriðja ársfjórðungi árið 2022 og að taka megí heimilið í notkun á fyrsta ársfjórðungi 2024.

9. gr.

Endurskoðun samnings

Báðum samningsaðilum er skylt að verða við beiðni hins um endurskoðun samnings þessa í kjölfar verulegra forsendubreytinga á samningstíma. Verulega breyttar forsendur teljast meðal annars tilfærsla málefna aldraðra frá ríki til sveitarfélaga, verulega breyttar kröfur um byggingu hjúkrunarheimilis og veruleg frávik frá upphaflegri tímaáætlun samnings.

Allar breytingar og viðaukar við samning þennan skulu vera skriflegar og undirritaðir af báðum samningsaðilum. Sama á við um orðsendingar, tilkynningar og kvartanir en þær skulu einnig vera skriflegar og sendar með sannanlegum hætti.

10. gr.

Úrlausn ágreiningsmála

Aðilar skulu leitast af fremsta megni við að leysa öll ágreiningsmál sín á milli en ella koma sér saman um sáttamann sem reyni að leysa úr ágreiningi milli aðila.

Dómsmál á grundvelli samnings þessa skal höfða fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

11. gr.

Lög og reglugerðir

Samningur þessi er gerður á grundvelli laga um skipan opinbera framkvæmda, 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, III. og IV. kafla laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, laga um opinber innkaup, nr. 120/2016, og laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1. Búnaðarkaup fyrir hjúkrunarheimili.

Fylgiskjal 2. Framkvæmdasýsla ríkisins frumathugun, nóvember 2021.

Fylgiskjal 3. Skipulag hjúkrunarheimila, 2022

Samningur þessi er undirritaður rafrænt og sendur samningsaðilum, þegar samþykki beggja liggur fyrir.

Reykjavík, dags., mán. 2022

Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Staðfesting fjármála- og efnahagsráðu-neytis,
Sigurður H. Helgason, skrifstofustjóri